

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Hagaland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. febrúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að á Hagalandi (21 ha) breytist svæði fyrir iðnað og stofnanir í svæði fyrir íbúðarbyggð annars vegar og svæði fyrir íbúðarbyggð og þjónustustofnanir hins vegar. Svæði til sérstakra nota við Ölfusá stækkar meðfram nýjum tengivegi í átt að Eyrarvegi. Aðkoma að svæðinu verður frá Eyrarvegi og Fosslandi.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. febrúar 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006